Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 131/1959. **Samvinnufélagið Björg**

gegn

Ágúst Fjeldsted f. h. Thormand Thomsen, Skeggja h/f og Njáli Gunnlaugssyni og Skeggi h/f

gegn

Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted f. h. Thormand Thomsen og Njáli Gunnlaugssyni.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h.f., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Thormand Thomsen, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.